

STARFSÁÆTLUN

Molinn Miðstöð unga fólksins

2025-2026



Skjal sótt af '00000000000' dags: 19.08 2026



Efnisyfirlit

HAGNÝTAR UPPLÝSINGAR	2
OPNUNARTÍMAR MOLANS ERU EFTIRFARANDI:	2
STARFIÐ Í VETUR	2
ÁHERSLA Á 10. BEKK Í KÓPAVOGI	2
SAMSTARF VIÐ FÉLAGSMÍÐSTÖÐVAR KÓPAVOGS	3
SAMSTARF VIÐ MK	3
SAMVINNA Á MILLI UNGMENNAHÚSA	4
MENNINGARHÚS Í KÓPAVOGI	4
SAMSTARF VIÐ BERGIÐ HEADSPACE	4
PÍETA SAMTÖKIN	5
RAUÐI KROSSIN	5
VIÐBURÐIR Í VETUR	5
OPIÐ STARF	5
FRÆÐSLUR/KYNNINGAR	5
LÆRDÓMSKVÖLD	6
VIÐBURÐIR Í SAMBANDI VIÐ AÐRAR STOFNANIR	6
HÓPASTARF/KLÚBBASTÖRF	6
SÉRTÆKT HÓPASTARF	7
SUMARSTARF MOLANS	8
JAFNINGJAFRÆÐSLAN	8
SKAPANDI SUMARSTÖRF	9
VEGGLISTAVERKEFNI MOLANS	9
HUGMYNDIR FYRIR NÆSTA SUMAR	9
RÁÐ UNGMENNA	10
UNGmennaráð KÓPAVOGS	10
SAMFÉS FULLTRÚA RÁÐ 16+	10
RÁÐGJAFI Í MÁLEFNUM UNGMENNA	11
SKAPANDI VERKEFNI MOLANS	11
VERKFERLAR	12
NEYÐARÁÆTLUN	12
MÓTTAKA NÝRRRA STARFSMANNA	13
ÖRYGGISGÁTLISTI	13
GÁTLISTAR Í SÉRTÆKU HÓPASTARFI	13
HANDBÓK UM STARFIÐ	13
RÝMINGARÁÆTLUN	13
INNRA MAT	13
INNRA MAT	13
SÍMENNTUN	14
STARFSFÓLK OG STARFSHEITI	14

Hagnýtar upplýsingar

Molinn Miðstöð unga fólksins er staðsettur á efri hæð við Hábraut 2, 200 Kópavogur. Hægt er að hafa samband símleiðis í 441- 9291 og 441- 9290. Hægt er að senda tölvupóst á Molinn@molinn.is. Molinn er á samfélagsmiðlum sem og tik tok (*molinn.muf*), facebook (*Molinn Miðstöð Ungu Fólksins*) og Instagram (*molinnkopavogi*) þar sem einnig er hægt að hafa samband.

Opnunartímar Molans eru eftirfarandi:

Þriðjudagar 14.00 - 22.00

Miðvikudagar 14.00 - 22.00

Fimmtudagar 14.00 - 22.00

Föstudagar 18.00 – 22.00 (einstaka opnanir)

Þess má geta að Molinn er notaður töluvert utan auglýstra opnunartíma sem og fyrir hópa, æfingar, fræðslu, fundi eða annað. Starfssemin er miðuð að ungmennum 16 – 25 ára en einstaka viðburðir og verkefni geta hentað öðrum aldurshópum. Einnig er nemendafélag Menntaskólans í Kópavogi og ungmennaráð Kópavogs með föst mánudagskvöld þar sem þau nýta aðstöðuna í Molanum. Sama á við um Bergið Headspace á miðvikudagsmorgnum.

Starfið í vetur

Unnið verður áfram að byggja upp og þróa ráðgjafa og stuðningsþjónustu sem Molinn býður upp á. Ásamt því að vinna skapandi verkefni, opið starf og ýmis samstarfsverkefni. Lögð verður áhersla að mæta fólki með fjölbreyttu starfi og starfið höfði til sem flestra. Starfsfólk Molans leggur sérstaka áherslu á að öll séu velkomin og að Molinn sé öruggur staður það sem ungu fólki líður vel og finna að þau tilheyri.

Áhersla á 10. Bekk í Kópavogi

Áætlað er að stuðla betur að samstarfi félagsmiðstöðva, grunnskóla Kópavogs og Molans með áherslu á 10. Bekk. Molinn mun halda utan um sér opnanir áætlaðar 10. Bekk með hjálp félagsmiðstöðva. Mikilvægt er að unnið sé að því að nemendur í 10.bekk viti af þeirri þjónustu sem er í boði í Molanum og því lögð áhersla á að verkefnastjóri og ráðgjafi heimsæki nemendur

í 10. Bekk í öllum grunnskólum Kópavogs og kynni starfsemina. Á vorönn verður lögð sérstök áhersla á 10. bekkjaropnanir þar þeim gefst kostur á að kynnast starfinu, taka þátt í dagskráliðum og fá jákvæða upplifun á heimsókn í Molann. Molavirkni er þróandi samstarf með grunnskólum Kópavogs fyrir nemendur á unglingastigi, þar sem þeim gefst einnig tækifæri til að kynnast starfsemi Molans. Markmiðið með áherslu á 10. Bekk er að koma til móts við þau ungmenna sem standa að þeim tímamótum að ljúka við grunnskólagöngu.

Samstarf við félagsmiðstöðvar Kópavogs

Mikilvægt er að stuðla betur að samfellu milli félagsmiðstöðva og Molans. Verkefnastjóri Molans mun funda reglulega með forstöðumönnum félagsmiðstöðvanna og vera í virku samstarfi. Auk þess að halda opnanir og viðburði sérstaklega fyrir 10. bekk ætlum við að þróa áfram samstarfsverkefni okkar eins og t.d. Söngkeppni Félkó og Skíðaferð Félkó. Starfmenn og ungmenni frá Molanum munu taka þátt í þessum verkefnum með það að markmiði að nemendur í 10. bekk uppgötvu möguleika sem Molinn hefur upp á að bjóða. Þannig munu 10. bekkur sjá að þeir geti tekið þátt í viðburðum sem þeir þekkja frá starfi félagsmiðstöðvanna eftir að grunnskóla lýkur, sem þátttakendur í starfi Molans.

Samstarf við MK

Molinn og ráðgjafar MK ásamt sálfræðing og félagsmálafulltrúa funda reglulega þar sem reynt er að finna leiðir til að tengja MK og Molann betur. Verkefnastjóri og ráðgjafi Molans munu fara í MK og kynna fyrir öllum 2.árs nemum Molann og síðan fá alla nýnema í heimsókn í haust til að styrkja tengslin á milli. Lögð verður meiri áhersla á að nemendur MK verði hvattir til að nýta sér Molann. Félagsmálaráðgjafi mun deila mánudagskvöldum í vetur fyrir nefndirnar í MK til skipuleggja eitt kvöld fyrir samnemendur sína. Áhugi er fyrir því að nemendaráð MK komi einnig að skipulagi dagskrár og viðburða í húsinu, félög eins og Morfís og Gettu betur lið MK hefði einnig æfingaaðstöðu í húsinu í samvinnu við starfsfólk Molans. Áætlað er á vorönn að vera í frekari samstarfi við MK þegar kemur að áfangavali. Bjóða þá upp á áfangavöpl á vegum Molans og/eða í Molanum.

Samvinna á milli ungmennahúsa

Starfsfólk Molans eru komin í meiri samskipti við hin ungmennahúsin á landinu og er markmiðið að auka þau. Í vetur ætla þeir sem starfa með 16+ að hittast á reglulegum fundum og heimsækja hvort annað til að læra af og deila reynslu til að bæta starfið. Mikil áköllun hefur verið á samstarfi í þessu starfi og þess vegna eru þetta gleðitíðindi hjá starfsfólki 16+.

Í vetur er svo stefnan sett á vettvangsheimsóknir í öll ungmennahús í nágrenni okkar til að skoða og læra af þeim hvað sé hægt að betrumbæta í Molanum. Ásamt því mun Molinn deila reynslu sinni áfram með því að bjóða upp á vettvangsheimsóknir til sín.

Menningarhús í Kópavogi

Menningarhúsin í Kópavogi og Molinn hafa átt í góðu samstarfi og er stefnt á að halda því áfram. Húsnæði menningarhúsanna hafa skipt sköpum í blómlegu starfi Skapandi sumarstarfa þar sem fjöldi viðburða var haldinn í Gerðarsafni og á bókasafni. Stefnt er að því að halda þessu góða samstarfi áfram og jafnvel skoða hvort hægt sé að halda fleiri viðburði yfir vetrartímann. Með samstarfi við menningarhús í Kópavogi gefst þeim einnig kostur á að halda viðburði fyrir unglunga og ungmenni í húsnæði Molans. Þessir viðburðir myndu þá vera þess eðlis að passa inn í stefnu og vinnu Molans fyrir ungmenni á aldrinum 16-25 ára.

Samstarf við Bergið headspace

Í samvinnu við Bergið-Headspace verður lögð áhersla á að kynna vel þá ráðgjafapjónustu sem Bergið mun bjóða uppá. Markmið með samstarfinu er að styrkja starfsemi er snýr að ráðgjafa- og stuðningsþjónustu í Molanum, miðstöð unga fólksins, og veita þannig ungu fólki á aldrinum 16-25 ára lágþröskulda aðgengi að ráðgjöf og þjónustu Bergsins Headspace í sínu sveitarfélagi. Þjónusta og ráðgjöf Bergsins Headspace yrði ungmennum að kostnaðarlausu og þau geta sjálf haft frumkvæði að því að sækja sér ráðgjöf. Með þessu samstarfi er verið að færa þjónustuna enn nær ungu fólki í Kópavogi og gera hana aðgengilegri fyrir þau líkt og hugmyndafræði Headspace snýst um. Ráðgjafi á vegum Bergsins Headpace hefur viðveru í Molanum, miðstöð unga fólksins alla miðvikudaga frá 9-13. Þjónustan er þannig uppbyggð að ungmenni á aldrinum 16-25 ára, geta óskað eftir þjónustu og fengið viðtal við ráðgjafa með skömmum fyrirvara. Ráðgjafi hlustar, metur vandann, vinnur í gegnum viðtöl með ungmenni og ef þörf er á, aðstoðar viðkomandi við að komast í meðferð eða að fá viðeigandi aðstoð annars staðar.

Ráðgjöf getur einnig verið fjarráðgjöf í gegnum Köru Connect, ekki er um að ræða meðferð heldur ráðgjöf og snemmtæka íhlutun.

Píeta samtökin

Píeta hefur komið í Molann og verið með fræðslur og fyrirlestra. Við ætlum að halda því samstarfi áfram.

Rauði krossinn

Áætlað er að Molinn hefji samstarf við Rauða krossinn á komandi starfsári. Samstarfið felur í sér að Molinn hýsi starfsemi Rauða krossins einu sinni í viku, þar sem samtökin munu koma með sjálfbóðaliða og þátttakendur til að skipuleggja og leiða fjölbreytt verkefni og viðburði. Ungmenni sem sækja Molann fá tækifæri til að taka virkan þátt í starfinu og stuðla þannig að aukinni samfélagsþátttöku. Eitt af meginverkefnum samstarfsins verður að styðja við börn og ungmenni á flóttu.

Viðburðir í vetur

Opið starf

Stór hluti starfsemi Molans flokkast undir opið frístundastarf. Þá er átt við starf þar sem öll ungmenni á aldrinum 16 - 25 ára er velkomið að taka þátt. Ekki þarf að skrá sig eða fá boð um þátttöku og þátttakendur hafa mikil áhrif á hvað er gert hverju sinni. Studio Molans er opið á sama tíma og á auglýstum opnunartíma og bóka ungmennin í gegnum noona.is. Studio Molans er geysi vinsælt og er það nánast fullbókað alla daga. Þar hafa ungmenni aðgang að upptökubúnaði, hljóðfærum og tölvu ásamt öllum helstu upptökuforritum sem notuð eru til þess að búa til lag eða hlaðvarp.

Fræðslur/kynningar

Miðvikudagar í Molanum hafa verið tileinkaðir opnum kvöldum og inn á milli allskonar kynningum og fræðslum. Lagt er upp með að fræðslurnar nái til ungs fólks. Fræðslur sem hafa verið í boði í Molanum eru til dæmis frá Píeta og íþróttafólki þar sem heilsa er í fyrirrúmi. Einnig höfum við sjálf staðið fyrir fræðslum sem eru hagnýt eins og heimildarskráargerð, hjálp við gerð á ferilskrá og kynningarbréfi og fleiri fræðslur sem hjálpa ungu fólki að koma sér inn á

vinnumarkað og hjálpa að styrkja þau til virkni í samfélaginu. Molinn stefnir á að hafa fleiri fræðslur og kynningar á komandi ári sem ná til ungs fólks. Einnig er áætlað er að vera í samstarfi við vinnumálastofnum þar sem boðið verður upp á atvinnuráðgjöf í Molanum.

Lærdómskvöld

Lærdómskvöld er reglulegur viðburður á dagskrá í Molanum. Þar sem ungmenni geta komið saman að læra, vinna verkefni eða undirbúa sig fyrir próf í rólegu og hvetjandi umhverfi. Aðastaða er til náms í Molanum og boðið upp á frían aðgang að Interneti. Starfsfólk býður upp á stuðning, leiðsögn, yfirlestur og annað eftir þörfum. Lærdómskvöldin tengja saman félagslegt og fræðilegt starf þar sem ungmenni fá tækifæri til að njóta félagsskapar og hvatningar til náms. Markmiðið er að draga úr streitu og stuðla að vellíðan og virkni í námi.

Viðburðir í sambandi við aðrar stofnanir

Molinn sinnir ýmis samvinnuviðburðum við aðrar stofnanir. Sem og sameiginleg LAN kvöld með Höfuð-borginni, sértæk félagsmiðstöð fyrir ungmenni í Kópavogi. Einnig heldur Samfés landsþing fyrir 16+ ásamt fleiri viðburðum á vegum fulltrúaráð Samfés. Framtíðarsýn Molans er að halda áfram með þessa samvinnuviðburði ásamt því að halda viðburði með öðrum ungmennahúsum. Molinn áætlað að bjóða ungmennum að halda sína eigin viðburði í húsi Molans í samstarfi við starfsfólk þar sem þau fá tækifæri og frelsi til þess að halda sinn eigin viðburð.



Hópastarf/Klúbbastörf

Í Molanum er lögð áhersla á hópastarf. Þá er unnið með ákveðna hópa að ákveðnum verkefnum og markmiðun. Þessir hópar geta verið mjög fjölbreyttir, mis fjölmennir og byggðir upp með mismunandi hætti. Hópastörfin sem nú eru á dagskrá í vetur eru Dungeons and dragons (D&D) hópur, rafíþróttahópur og Molavirkni. Sem dæmi hefur D&D hópastarf verið mjög virkt í Molanum síðasta vetur og viljum við halda því áfram í haust þar sem hópurinn fer ört

stækkandi. Önnur hópastörf sem og rafíþróttahópastarf og Molavirkni hafa einnig verið í gangi í vetur og áætlað að halda því áfram. Klúbbastörf svipa til hópastarfa en eru þó ólík. Molinn hefur verið að bjóða upp á Nördaklúbb og stefnir á að hafa mun virkara klúbbastarf í gangi sem og handavinnuklúbb, listsköpunarklúbb, tónlistarklúbb, matarklúbb, saumaklúbb, klúbb fyrir ungar mæður og margt fleira. Klúbbastörf eru byggð af eftirspurn og áhuga þeirra ungmenna sem mæta í Molann ásamt sérkunnáttu starfsmanna eins og listsköpunarklúbb.

Sértækt hópastarf

Þegar að einn eða fleiri einstaklingar eru hvattir sérstaklega til þess að taka þátt í hópastarfi er átt við sértækt hópastarf. Ástæður geta verið fjölbreyttar og flóknar en markmiðið er samt alltaf að auka á einhvern hátt lífsgæði einstaklingsins, styrkja hann félagslega en einnig kæta og bæta. Áætlað er að nýta Molann og starfsemi hans meira á daginn fyrir ungmenni með skólasóknarvanda bæði í grunnskólum og fyrir MK og erum við að reyna koma þeim hægt og rólega inn í starfið hjá okkur. Við munum því leggja upp með að sníða sértækt hópastarf aðallega að þessum krökkum til þess að hjálpa þeim. Einnig sjáum við fyrir okkur að nýta sértæka hópastarfið fyrir ungmenni á flóttu í samstarfi við rauða krossin.

Í Molanum er starfræktur D&D hópur sem er opin en er mjög vinsæll innan ákveðins hóp ungmenna. Hópurinn er mjög mikilvægur þar sem viðkvæmur hópur ungmenna sækja hann. Ungmennin sem sækja D&D kvöldin koma úr öllum áttum og náum við að búa til góðan og fjölbreyttan hóp. Í vetur stefnum við á að vera annað hvert föstudagskvöld og vonandi alla föstudaga þegar það líður á veturinn.

Síðasta vor fórum við af stað með verkefnið Molavirkni. Það fer hægt af stað en nú erum við með þrjá nemendur í grunnskólum í Kópavogi skráða og sjáum við fyrir okkur að hópurinn stækki enn frekar í vetur. Molavirkni er fyrir ungmenni í skóla sem finna sig ekki í íþróttatímum, hvort sem það er andleg eða líkamleg vandamál. Fundað er með skólanum, ungmenninu og forráðamönnum og gerir skólinn samning við ungmennið að í stað þess að mæta í íþróttatíma í sínum skóla þá mætir það í Molavirkni 1x í viku og fær þá íþróttir metnar. Í Molavirkni fáum við ungmenni til okkar og göngum saman þær fjölmörgu gönguleiðir sem Kópavogsbær hefur upp á að bjóða og endum við göngutúrinn með hressingu og spjalli upp í Mola. Molavirkni hefur því félagslegan, andlegan og heilsueflandi ávinning fyrir einstaklinginn. Einnig nær einstaklingurinn að kynnast betur Molanum sem auðveldar aðsókn í hann þegar Molavirkni er lokið.



Sumarstarf Molans

Molinn er ekki opin með hefðbundið starf yfir sumarið. Hins vegar eru skapandi sumarstörf, jafningjafræðsla Kópavogs og vegglistahópur sem starfa í Molanum yfir sumarið.

Jafningjafræðslan

Sumarið 2025 gekk almennt mjög vel hjá Jafningjafræðslunni. Starfshópurinn var fjölbreyttur, samheldinn og myndaði sterka heild. Þrátt fyrir áskoranir í undirbúningi tókst að skapa jákvætt og uppbyggilegt andrúmsloft þar sem jafningjafræðararnir stóðu sig vel og náðu góðum tengslum við unglingana í Vinnuskólanum.

Fræðslurnar gengu almennt vel og báðir hópar, jafningjafræðarar og unglingarnir í vinnuskólanum lýstu ánægju með framkvæmdina. Ein mikilvæg breyting frá fyrra ári var að jafningjafræðararnir fræddu nú allan daginn, í stað hálfs dags áður. Þetta leiddi til dýpri samskipta, meiri tengslamyndunar og persónulegri nálgunar í fræðslunni. Fræðararnir unnu alla virka daga frá 8–16, og á föstudögum hittist hópurinn í heild sinni til að fara yfir vikuna, ræða það sem upp hafði komið og skipuleggja næstu skref. Þessi samverustundir styrktu teymið enn frekar og sköpuðu rými fyrir endurgjöf og lausnamiðað samtal.

Eins og í fyrra var verkefnið þó nær heimilislaust. Molinn, sem undir venjulegum kringumstæðum gæti hýst starfseminu, var fullnýttur af öðrum sumarverkefnum. Starfsmenn Molans leystu þó vandann á frumlegan hátt og breyttu klósetti á efri hæð hússins í bækistöð fyrir jafningjafræðsluna. Þótt það hafi dugað til, var það augljóslega ekki ásættanleg lausn til framtíðar, það þarf að tryggja verkefninu raunverulegt aðstöðupláss næstu sumur. Skipulagið í ár var vissulega mun betra en árið áður, en ákveðnar áskoranir komu engu að síður upp.

Verkefnið hefur sannað gildi sitt ár eftir ár og mikilvægt er að viðhalda þeim gæðum og fagmennsku sem jafningjafræðslan krefst. Með markvissari samvinnu, betri aðstöðu og meiri stuðningi frá samstarfsaðilum er ljóst að hægt er að þróa verkefnið enn frekar til framtíðar.

Skapandi sumarstörf

Á hverju sumri gefst ungu hæfileikafólki tækifæri á að vinna að eigin listsköpun í Molanum með Skapandi sumarstörfum Kópavogsbæjar. Um er að ræða fjölbreytt verkefni þvert á mismunandi listform sem unnin eru af ungu fólki á aldrinum 18-26 ára. Sumarið gekk í mjög vel og var mjög skemmtilegt. Hóparnir unnu mjög vel og uppskáru í samræmi við það. Verkefni sumarsins báru þess merki að vera langlíf enda ótrúlega vel unnin og margir höfðu orð á því hvað verkefnin voru flott í ár eftir lokahátíðina. Flestir hópar unnu vel hins vegar voru einstaka hópar sem áttu erfiðara með að vinna sjálfstætt og halda sig við sín verkefni. Leiðbeinendur skiptu hópunum niður á milli sín og var hver með þriðjung af hópunum sem tengdust helst þeirra sérþekkingu og var gott að hver hópur gæti haft aðeins persónulegra samband við sinn leiðbeinanda.

Vegglistaverkefni Molans

Í tengslum við Skapandi sumarstöf hefur verið starfræktur svokallaður Vegglistahópur á hverju sumri. Þá eru ráðin inn 4 ungmenni og einn leiðbeinandi til að skreyta vegg víðsvegar um Kópavogsbæ með vegglistaverkum. Reynt er að ráða fjölbreyttan hóp af ungmennum sem eru bæði reynd og einnig meiri byrjendur, sem hafa þó reynslu af myndlist. Leiðbeinandi hópsins var Arnór Kári sem hefur mikla reynslu af vegglist. Hann hjálpaði hópnum að finna vegg, undirgöng og ljósastaura í samráði við Umhverfissvið og einkaaðila. Hann hjálpaði þeim einnig að þjálf þau vinnubrögð sem þarf til að sinna slíkri list enda þarf að hafa margt í huga hvað varðar leyfi og áhrif á umhverfið.

Hugmyndir fyrir næsta sumar

Eins og fram kemur í sumarskýrslu Jafningjafræðslunnar er ljóst að endurskoða þarf starf og ábyrgð umsjónarmanna með tilliti til mannaforráða og aðstöðu. Ítrekað kom upp sú staða að umsjónarmenn þurftu að axla hlutverk yfirmanns og sinna verkefnum sem ekki falla undir þeirra starfssvið.

Aðstaða Jafningjafræðslunnar í Molanum var einnig takmörkuð yfir sumartímann, þar sem allt rými hússins var nýtt af skapandi sumarstörfum. Af þessum sökum hafði Jafningjafræðslan ekki aðgang að fundaraðstöðu eða opnu rými til starfsemi í júní og júlí.

Þessi lokun á almennri starfsemi Molans yfir stóran hluta ársins hefur haft neikvæð áhrif á samfellu starfsins. Reynslan sýnir að ungmenni draga sig oft út úr starfinu eftir sumarið þegar starfið fer í dvala. Einnig ber að nefna að sumartímabilið er sérstaklega mikilvægt fyrir opið starf, þar sem skólarnir eru í fríi og skortur á rútínu getur aukið líkur á áhættu hegðun ungmenna.

Ráð ungmenna

Ráð ungmenna sem starfa í tengslum við Molann er Ungmennaráð Kópavogs og Samfés fulltrúaráð 16+.

Ungmennaráð Kópavogs

Ungmennaráð heyrir undir bæjarstjórn Kópavogs og er skipað þrettán fulltrúum á aldrinum 13-17 ára. Átta af þessum fulltrúum koma frá grunnskólum Kópavogs, en einn fulltrúi er tilnefndur í ráðið frá hverri félagsmiðstöð/grunnskóla. Tveir fulltrúar koma frá Menntaskólanum í Kópavogi og svo eru tveir fulltrúar frá Molanum Miðstöð unga fólksins. Bæjarstjórn kýs svo tvo fulltrúa úr sínum röðum sem eru tengiliðir bæjarstjórnar við Ungmennaráð Kópavogs. Hlutverk ungmennaráðs er m.a. að veita ungu fólki vettvang og leiðir til að koma skoðunum sínum og tillögum á framfæri við viðeigandi aðila. Ráðið skapi þátttakendum vettvang til fræðslu og þjálfunar í lýðræðislegum vinnubrögðum og gæti að hagsmunum barna- og ungmenna í Kópavogi. Ungmennaráð er einnig bæjarstjórn Kópavogs og öðrum nefndum til ráðgjafar um málefni barna og ungmenna.

Samfés fulltrúa ráð 16+

Fulltrúaráð 16+ starfar á landsvísu og geta fulltrúar í ráðinu verið alls staðar að af landinu. Fulltrúar eru á aldrinum 16-25 ára. Ráðið hittist 10-12 sinnum yfir veturinn og er allur ferða- og fundarkostnaður ungmennaráðsins greiddur af Samfés. Fulltrúaráðið heldur utan um Landsþing SamfésPlús og tekur virkan þátt í verkefnum og ákvarðanatöku í málefnum samtakanna. Fulltrúar ráðsins fá tækifæri til þess að koma fram og sitja á ráðstefnum og fundum um málefni tengd ungmennum og æskulýðsmálum hér á landi og erlendis. Molinn vinnur að því að eiga tvo fulltrúa í þessu ráði. Okkar fulltrúar munu þannig hafa rödd innan ráðsins en ekki síður miðla þeim hugmyndum og ákvörðunum sem teknar eru til ungmenna og starfsfólks í Molanum.

Ráðgjafi í Málefnum ungmenna

Ráðgjafi í málefnum ungmenna hefur umsjón með og skipuleggur samfellda þjónustu er snýr að stuðningi við ungmenni í Kópavogi. Hann stuðlar að samþættingu í þjónustu við aðrar stofnanir sem sinna málefnum ungmenna í Kópavogi, þannig að viðkomandi ungmenni fái heildstæða og markvissa þjónustu í samræmi við þarfir. Á mánudögum og fimmtudögum frá kl 10:00 - 14:00 er ráðgjafi ungmenna og verkefnastjóri Molans með viðveru í Molanum og er þessi tími sérstaklega hugsaður fyrir viðtalstíma þar sem ungmenni geta pantað sér tíma í gegnum Noona bókunarsíðuna eða mætt og hitt á ráðgjafa og verkefnastjóra Molans. Ráðgjafi skipuleggur og stýrir sértæku hópastarfi í Miðstöð unga fólksins sem snýr að stuðningi og ráðgjöf við ákveðna hópa ungmenna. Starfið felur í sér áherslu á fyrirbyggjandi starfsemi og hefur snemmtækan stuðning og íhlutun að leiðarljósi. Ráðgjafi ungmenna mun koma með markvissum hætti inn í skóla- og félagsmiðstöðvar og vera sýnilegri bæði starfsfólki og nemendum ásamt því að veita stuðning og ráðgjöf í Molanum Miðstöð unga fólksins.

Í samvinnu við skólaþjónustu grunnskóladeildar, Miðjunnar, MK, verkefnastjóra Molans og aðra starfsmenn Molans er boðið upp á sértækt hópastarf þar sem áhersla verður lögð á að ná til nemenda sem glíma við skólasóknarvanda, í góðri samvinnu við foreldra. Hópastörfin sem nú eru á dagskrá í vetur eru Dungeons and dragons hópur og Molavirkni. Horft er til Virkni og Vellíðan í verkefnisins í Kópavogi sem fyrirmynd Molavirkni og er mikið samstarf þar á milli. Molavirkni verður vikulegt hópastarf eins og Dungeons and dragons hópurinn en rafípróttu hópurinn stefnir að hittast fjórum sinnum yfir skólaárið. Einnig er lagt upp með að ná til nemenda í 10.bekk eða til þeirra nemanda sem munu ljúka grunnskólagöngu sinni vorið 2026.



Skapandi verkefni Molans

Búið er að auka skapandi viðburði yfir vetrartímann hjá Molanum. Hefur það bæði verið í formi skapandi viðburða yfir vetrartímann en einnig var hugmyndin að leggja áherslu á að ungt fólk geti komið í Molann og sinnt sköpun sinni, hvort sem það er með því að mæta í stúdíóið, sinna listsköpun eða fá að halda viðburði. Nú er orðin fastur liður í starfseminni að

fimmtudagkvöld séu skapandi kvöld þar sem boðið er upp á ýmsa viðburði tengda sköpun. Viðburðirnir eru skipulagðir af starfsfólki Molans en þá aðallega af tveimur tímastarfsmönnum sem vinna á fimmtudagskvöldum og eru bæði skapandi ungmenni sem hafa unnið síðustu 3 ár í Skapandi sumarstörfum hjá Molanum. Á síðasta ári var starfsmaður í 50% starfshlutfalli sem sinnti skapandi verkefnum og ýmsum öðrum verkefnum innan Molans. Í kjölfarið hefur komið skýrt í ljós að þörf er á að fylla þessa stöðu á ný til að tryggja áframhaldandi fjölbreytt og öflugt starf fyrir ungmennin. Starfsemi Molans hefur orðið fyrir áhrifum af því að þessi staða sé ómönnuð, þar sem skortur á starfsmanni takmarkar möguleika til að þróa og viðhalda góðu ungmennastarfi.

Hingað til hafa einungis verið haldin námskeið sem eru ein kvöldstund en í vetur er stefnt að því að prófa að halda lengri námskeið sem væru sem dæmis mánaðarlöng þar sem hist væri einu sinni í viku, ef meiri starfskraftur verður ráðin inn eins og áætlað er. Þar gæfist meira tækifæri að mynda aukin tengsl milli þátttakenda. Það standur ungmönnum til boða að halda skapandi viðburði í húsakynnum Molans, enda er rýmið vel búið til að halda ýmiskonar viðburði eins og tónleika, sviðsverk, námskeið og fleira. Í Molanum er líka tónlistarstúdíó sem heldur áfram að vera í boði fyrir ungmenni að nýta sér að kostnaðarlausu. Stúdíóið er opið frá klukkan 14-22 á þriðjudögum, miðvikudögum og fimmtudögum.

Molinn er opinn vettvangur og hefur það verið gríðarlega vel nýtt og munum við halda áfram að auglýsa það og tryggja að nýtingin sé sem best. Tæknileiðbeiningar fyrir ungmennin er til staðar í stúdíóinu sem hjálpar þeim sem eru að stíga sín fyrstu skref. Samstarfs milli Molans og menningarhúsana í Kópavogi og Mekó hefur aukist síðustu ár og er stefnt að því að halda því samstarfi áfram með fleiri sameiginlegum viðburðum.



Verkferlar

Neyðaráætlun

Verkefnastjóri fer yfir neyðaráætlun með starfsfólki í upphafi starfsárs og er hún sýnileg starfsfólki á starfsstöðinni.

Móttaka nýrra starfsmanna

Farið er yfir starfslýsingu, starfsstöðina, verkefnin, starfsmannahandbókina og fleira. Hér er að finna upplýsingar um það sem þarf að hafa í huga við móttöku nýrra starfsmanna.

Öryggisgátlisti

Farið er yfir gátlista í upphafi starfsársins með öllum starfsmönnum.

Gátlistar í sértæku hópastarfi

Til eru nokkrir gátlistar sem hægt er að nýta sért í sértæku hópastarfi og eins sem gott er að fara yfir í upphafi starfsárs. Hægt er að finna gátlista í sameign.

- Gátlisti um einelti
- Gátlisti er varðar félagslega einangraða
- Gátlisti er varðar móttöku nemenda með annað móðurmál en íslensku
- Gátlisti varðandi sértækt hópastarf

Handbók um starfið

Starfsfólki er kynnt starfsmannahandbók frístundadeildar í upphafi starfsárs.

Rýmingaráætlun

Starfsfólk tekur þátt og fær upplýsingar um rýmingaáætlun og æfingu hjá húsverði stofnunar.

Innra mat

Innra mat

Í vor er stefnt að því að leggja fyrir kannanir til að meta þjónustu Molans. Annars vegar verður framkvæmd almenn þjónustukönnun þar sem ungmenni meta ánægju sína með starfsemi og árangur starfsins í heild. Sérstök áhersla verður jafnframt lögð á að ná til ungmenna sem standa höllum fæti og meta þann árangur sem snýr að einstaka hópa/einstaklinga innan Molans.

Auk þess verða mætingatölur teknar saman mánaðarlega og regluleg samtöl við ungmenni frá Molanum í Ungmennaráði Kópavogsbæjar til að tryggja að sjónarmið þeirra og reynsla endurspeglast í mati á starfinu.

Símenntun

Fræðslunámkeið er haldið í upphafi starfsárs ásamt starfsmannafræðslum yfir starfsárið sem öllu starfsfólki Molans býðst að mæta á. Þessar fræðslur eru ákveðnar í samstarfi við starfsfólk frístundadeildar um það sem er efst á baugi hverju sinni. Starfsfólki býðst einnig að fara á starfsdaga SAMFÉS og SAMFÉS-CON yfir starfsárið og sækja þar fyrirlestra og málstofur sem nýtast í starfi. Erasmus+ býður upp á fjölmörg tækifæri til símenntunar í formi ráðstefna og námskeiða sem starfsfólk Molans verður hvatt til að nýta sér.

Starfsfólk og starfsheiti

Hildur Öder Einarsdóttir – Verkefnastjóri 100% (í fæðingarorlofi 09.09.25 – 28.02.26)

Eva Rós Eyjólfsdóttir – Verkefnastjóri 100% (tímabundið)

Aron Brink – Ráðgjafi ungmenna 100%

Guðný Lilja Pétursdóttir- Tímavinna

Grímur Smári Hallgrímsson - Tímavinna

Iðunn Gígja Kristjánsdóttir - Tímavinna